

Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir **- útnefnd sem heiðursfélagi í Iðjuþjálfafélagi Íslands á aðalfundi 16. mars 2023**

Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir er fædd á Ísafirði 1950. Hún hefur alla tíð haft brennandi áhuga á iðjuþjálfun og ákvað aðeins 16 ára gömul að leggja fagið fyrir sig. Guðrún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og fluttist til Kaupmannahafnar haustið 1971. Þar starfaði hún við sjúkraliðastörf og sem aðstoðarmaður iðjuþjálfar þar til hún hóf nám í iðjuþjálfun 1973. Guðrún lauk síðan prófi í iðjuþjálfun frá Kaupmannahöfn vorið 1976. Að loknu námi starfaði Guðrún sem iðjuþjálfari í Danmörku þar til hún fluttist heim til Íslands 1982.

Við heimkomuna réði Guðrún sig til starfa hjá Hjálpartækjabanka Rauða krossins og Sjálfsbjargar auk þess að starfa á Landspítala samhliða til að byrja með. Í þá daga var engin Hjálpartækjamiðstöð og óhætt að segja að Guðrún hafi verið frumkvöðull á sviði hjálpartækja á Íslandi þar sem hún meðal annars innleiddi endurnýtingu á hjálpartækjum og barðist með skjólstæðingum við Úrskurðarnefnd Almannatrygginga þegar þeim var synjað um nauðsynleg hjálpartæki. Guðrún hafði mikil áhrif á val á hjálpartækjum sem voru pöntuð til landsins og studdist þar við það sem hún þekkti frá starfi sínu í Kaupmannahöfn.

Árið 1997 tók Guðrún þátt, ásamt tveimur öðrum iðjuþjálfum í tilraunaverkefni um iðjuþjálfun í heilsugæslu en það var á vegum Heilbrigðisráðuneytisins og Iðjuþjálfafélags Íslands. Hún var ráðin í 50% starf og var til húsa í heilsugæslunni í Mjódd. Guðrún bætti einnig við sig námi samhliða vinnu og lauk BSc gráðu úr sérskipulögðu námi fyrir iðjuþjálfar við Háskólann á Akureyri 2005.

En til að gera langa sögu stutta þá starfaði Guðrún innan heilsugæslunnar allar götur þar til hún varð sjötug 2020. Á þessum tíma jókst eftirspurn eftir þjónustu iðjuþjálfar og um árabíl var Guðrún eini iðjuþjálfinn sem sinnti skjólstæðingum í Kraganum, Mosfelssbæ og Kjalarnesi - hún var oft að „drukkna í málum“

Guðrún er ótvíræður frumkvöðull á sviði iðjuþjálfunar innan heilsugæslunnar og hún átti stóran þátt í því uppbyggingar- og þróunarstarfi sem við njótum góðs af í dag. Nú starfa um sjö iðjuþjálfar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ýmis verkefni. Guðrún hefur ávallt lagt áherslu á að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni, tengjast þeim, gefa sér tíma til að hlusta og skilja vanda þeirra og aðstæður og lagt sig fram við að koma með úrlausnir á þeirra málum.

Fyrir hönd Iðjuþjálfafélags Íslands þakka ég þér Guðrún fyrir þitt mikilvæga framlag til iðjuþjálfunar hér á landi og útnefni þig sem heiðursféлага með miklu þakklæti og stolti.